

Menntaskóli Borgarfjarðar



Leiðsagnarmat í MB

Lilja S. Ólafsdóttir

16. maí 2011

Áfangaskóli með nýjar áherslur í námi

- Námsbrautir fjórar
 - Félagsfræðabraut og náttúrufræðibraut til stúdentsprófs
 - Almenn braut (framhaldssókolabraut)
 - Starfsbraut

Nýjar áherslur

- Lengri starfstími - 184 dagar í stað 175 daga
- Breyting á einingakerfinu
- Engin hefðbundin lokapróf í lok annar
- Leiðsagnarmat / símat
- Áhersla á upplýsingatækni
- Skipulag námsins með breyttu sniði

Kennslustundir

- Kennslu þriggja og fjögurra eininga áfanga skipt í þrennt (6 kest.)
 - Fagtímar 2 kest.
 - Verkefnatímar 2 kest.
 - Leiðsagnartímar 2 kest.

Námskrá – Alm. hluti / drög

- “Meginhlutverk námsmats miðar að því að afla sem öruggastrar vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstökum nemendum eða hópum gengur að ná settum markmiðum”.
- “Þess skal gætt að námsmat taki til allra þátta námsins og meti þekkingu nemandans, leikni og hæfni auk framfara”.
- “Áhersla á hæfni nemenda felur í sér áherslu á fjölbreyttar námsmatsaðferðir. Þær geta verið verklegar, munnlegar eða skriflegar, falið í sér sjálfsmat, jafningjamat, símat og lokamat. Víðtækt og heildrænt námsmat byggir á margvíslegum námsmatsaðferðum og felur í sér traustar heimildir um hæfni nemandans” (Alm. hluti – drög bls. 21)

Námsmatið

- Sett markmið með áföngunum - útskýrð fyrir nemendum
- Vörður á 5 vikna fresti
 - Endurgjöf í orðum; mjög gott - í lagi - ófullnægjandi
 - Leiðbeinandi mat
- Sjálfsmat 2svar á önn - jafningjamat
- Matið byggir á ýmsum gögnum frá nemendum

Vörður - viðmið

- **Mjög gott**

- Vinnubrögð góð, öllum verkefnum skilað. Þátttaka í umræðum og virkni í kennslustundum er mjög góð. Markmiðum áfangans er náð.

- **Í lagi**

- Vinnubrögð ágæt, verkefnaskil í meðallagi. Þátttaka í umræðum og virkni í kennslustundum í meðallagi. Um helmingi markmiða er náð.

- **Ófullnægjandi**

- Vinnubrögð ófullnægjandi. Óvirkur þátttakandi í umræðum og virkni í kennslustundum er lítil sem engin. Uppfyllir ekki markmið áfangans.

Leiðsagnarmat í MB

Hvernig hefur okkur miðað?

Viðhorfakönnun á meðal kennara
Rýnihópur nemenda
mars/apríl 2009



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

Námsmatskönnun í MB

- Könnun lögð fyrir kennara skólans í mars 2009
- Allir fastráðnir kennarar (12 manns) spurðir og svörun var 92%
- Einn kennari skilaði ekki niðurstöðum
- Kynjaskipting 8 konur og 4 karlar



Samkvæmt yfirlýstri stefnu skólans er unnið með leiðsagnarmat. Ertu sammála því?

- Flestir svara játandi en þó....
 - Ekki að öllu leyti, fáir stunda leiðsagnarmat
 - Já, það er leiðsögn fólgin í vörðunum
 - Já, vörðurnar bera þess merki
 - Já, það skapar tækifærafæri til að ræða við nemendur um námsframvindu.
- Allir kennararnir voru ánægðir með námsmat án lokaprófa
- Allir voru sammála um mikilvægi þess að kynna námsmarkmiðin rækilega fyrir nemendum

Hvernig myndir þú lýsa muninum á námsmati í MB og í öðrum framhaldsskólum?

- Tímafrekara, en betra fyrir flesta nemendur
- Ekki formleg lokapróf, mat fer fram alla önnina
- Hef lítinn samanburð
- Símat og engin lokapróf
- Réttlátara og svegjanlegra námsmat
- Engin lokapróf, stöðug endurgjöf
- Símat, stöðug verkefnavinna
- Vinna allan námstímann, betri vinnubrögð og vonandi situr meira eftir
- Meira einstaklingsbundið mat og álag jafnt og þétt yfir önnina

Rýnihópur nemenda í MB

- Í MB tóku átta nemendur þátt, 4 drengir og 4 stúlkur, bæði eldri og yngri nemendur
- Hvað finnst nemendum um námsmatið??



Hvernig lýsið þið námsmati í MB?

- Vörður, símat gerum mikið af verkefnum.
- Það hefur bæði kosti og galla. Gallarnir eru mörg próf, kaflapróf í einstökum áföngum. Lengur í skólanum, aðrir framhaldsskólar komnir í upplestrarfrí.
- Leiðsagnartímar á hverri önn, í sumum áföngum.
- Samt gott að hafa engin lokapróf, maður getur séð hvar maður stendur.
- Enginn prófkvíði



Hvaða námsmatsaðferðir henta ykkur og hvers vegna?

- Þessar aðferðir sem hér eru notaðar eru mjög þægilegar, en þær hafa líka galla margir geta komist í gegnum námið án þess að gera mikið. En það er líka hægt með því að hafa lokapróf. Þá lærir maður bara rétt fyrir próf til þess að muna í prófinu og síðan ekki meir.
- Áfangarnir hjá okkur eru svo misjafnir, í sumum eru engin kaflapróf eða skyndipróf. Þau eru aðallega í raungreinum fyrir utan efnafræði og líka í félagsfræði en lítið í tungumálum.

Hvernig er reynsla ykkar af endurgjöf kennara? Hvernig umsagnir/vörður hafið þið fengið? Hvað finnst ykkur um þær?

- Endurgjöfin þyrfti að vera nákvæmari. Það er ekki nóg að hafa bara eitt orð sem ekkert segir ef maður fær gott og í lagi þá reiknar maður með að ná áfanganum en svo er ekki endilega.
- Það þarf að útskýra vörðurnar miklu betur og láta nemendur vita hvað orðin þýða.
- Það vantar oft leiðbeiningu um hvernig maður getur gert betur. Þetta er ekki í öllum áföngum, það eru einstaka áfangar sem þetta er skýrt og greinilegt en þeir eru í minni hluta.

Nefnið kosti/galla þess að fara ekki í lokapróf.

- Minni prófkvíði.
- Flestir nemendur á þeirri skoðun að betra sé að fara í eitt og eitt próf í stað þess að stressa sig í langan tíma í lokaprófum.



Hvaða reynslu hafið þið af sjálfsmati/jafningjamati? Hvernig var sú reynsla. Hvernig nýttist hún ykkur í náminu?

- **N**emendur kannast við þessa gerð námsmats en sumum finnst það gjörsamlega tilgangslaust (á við jafningjamat).
- Ég fer ekkert að segja það hvernig vinir mínir vinna, mér er alveg sama þótt þeir vinni vel eða illa ef við námum að skila verkefninu á réttum tíma. Það nennir enginn að fara að rifast yfir einhverju sem kannski er ekki nógu gott.
- Jafningjamat hefur verið notað í félagsfræði og aðeins í íslensku í vetur.
- Sjálfsmatið er skárri, allt í lagi en það hjálpar mér ekki sem nemandi neitt, það hjálpar kennaranum.
- Eins og það er núna þá er ekkert gagn í því en ef það væri markmiðatengt þá væri það betra (sjálfsmat).
- Ef nemendur væru búnir að gera sér markmið í upphafi áfangans og væru síðan að skoða þau og hvort þau hafa náðst eða ekki (sjálfsmat).
- Það hefur lítið verið notað, við höfum bara gert þetta í íslensku hjá þér (sjálfsmat).

Finnst ykkur það skipta miklu máli að vita hver eru markmið hvers áfanga? Ræða kennarar við ykkur um markmið?

- Já, það skiptir miklu máli að ræða um markmiðin og fara yfir áfangalýsinguna. Kennarar ræða þetta í byrjun áfangans en þyrftu að gera það oftari yfir veturinn eða allavega að minna á það.
- Í raungreinum væri gott að vita markmið með hverjum kafla fyrir sig.



Ræða kennarar við ykkur um námsmatið? Ef svo er hvernig og hvaða þætti þess?

- Kennarar ræða lítið við nemendur um námsmatið. En það kemur fram á Námskjánum (kennslukerfi) hvað hvað gildir í námsmatinu.
- En t.d. í bókfærslu og lögfræðinni eru engin próf bara verkefni.
- Nemendur óska ekki eftir að ræða meira um námsmatið, segja að það liggi ljóst fyrir og það þýði ekkert að ræða eitthvað sem er ekkert að ræða um.
- En kannski mætt tala um það út frá markmiðum námsins.

